

# Samþykkt

141  
17. des.

um

## breyting á 5. gr. í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmál- efna í Reykjavík 1. ágúst 1902.

Í stað fyrstu málsgr. í 5. gr. komi:

Skólanefndin skal hafa umsjón með kennslunni í barnaskólanum, og öllu því, sem barnaskólann varðar. Í henni eru dómkirkjupresturinn og 4 menn aðrir, sem bæjarstjórnin kýs, og skulu 2 þeirra að minnsta kosti vera úr flokki bæjarfulltrúa.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, er hjermeð staðfest samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apríl 1872, 31. gr.

Í stjórnarráði Íslands, 17. desember 1906.

H. Hafstein.

*Jón Hermannsson.*

# Reglur

142  
28. des.

fyrir

## nemendur hins almenna menntaskóla í Reykjavík.

Sú er ætlun hins almenna menntaskóla, að auka jafnt sálar- og líkamsþroska nemendanna, laga og styrkja viljann og efla hjá þeim siðprýði og góða siðu. En til þess að þeirri ætlun verði framgengt, ber brýna nauðsyn til að nemendur hafi fastar reglur til að fara eptir.

1. gr.

Skólahúsið er opnað á hverjum morgni kl. 7<sup>1</sup>/<sub>2</sub>. Á öllum virkum dögum skulu allir nemendur vera komnir í skólann hver í sinn bekk í síðasta lagi kl. 7.50' árd. Fimm mínútum síðar (kl. 7.55') er hringt til morgunbæna. Allir nemendur eru skyldir að vera við bænir.

2. gr.

Kenslustundir byrja þegar eptir morgunbænir og sjá umsjónarmenn bekkjanna um það, hver í sínum bekk, að upp sje fest tafla yfir kennslustundir bekkjarins. Kennslustundir standa vanalega til kl. 2 síðd. Gefa skal nemendun tótm-

**142** stund síðustu tíu mínúturnar aptan af tveimur fyrstu kennslustundunum og fyrstu  
28. des. tíu mínúturnar framan af tveimur hinum síðustu og skulu þeir nota mínútur þessar sjer til hressingar úti undir berum himni, þegar veður er fært til þess, en fara þó eigi leyfislaust út af lóð skólans.

Þegar hringt er til inngöngu, eiga nemendur tafarlaust að ganga stillilega hver inn í sinn bekk og setjast þegar í sæti sín. Má enginn nemandi ganga út úr bekk sínum í kennslustund, heldur skal hver sitja kyrr í sæti sínu þangað til stundin er úti, og hvorki hafa samræður nje gera nokkurs konar óreglu. Ef svo ber við, að kennari er eigi í einhverjum bekk meðan á kennslustundum stendur, skulu nemendur í þeim bekk sitja þar kyrrir og hvorki hafa umgang nje hávaða og skal umsjónarmaður bekkjarins hafa gætur á, að eigi sje út af breytt.

Frá kl. 10.40'—11.20' verður hlje á kennslunni og skulu nemendur nota þann tíma til morgunverðar.

### 3. gr.

Allir nemendur eru skyldir að eiga eða hafa til afnota allar þær bækur, sem hafðar eru við kennslu í þeim bekk, er þeir sitja í. Bækur sínar og ritföng ber þeim að hafa til taks í byrjun hverrar kennslustundar.

### 4. gr.

Jafnskjótt sem kennslustundum er lokið, skulu allir nemendur fara heim til sín og nota síðari hluta dagsins til að búa sig undir næsta dag.

### 5. gr.

Nemendur eiga vandlega að gá að eldi og ljósum, að enginn voði hljótist af því; þeir mega hvorki taka ljós þaðan sem því er ætlaður staður, nje flytja það úr einu herbergi í annað. Skotvopn, púður eða önnur eldfim efni má enginn hafa nokkursstaðar í skólanum.

### 6. gr.

Nemendur mega ekkert skemma, sem skólinn á, en geri einhver sig sek-an í því, þá skal hann bæta fullum skaðabótum og skal umsjónarmaður með áhöldum skólans sjá um að því ákvæði verði fullnægt. Ef það er fullvíst að slíkar skemmdir hafi orðið af völdum nemanda í einhverjum bekk og gangistenginn við því, skulu nemendur þess bekkjar bæta skaðann í fjelagi. Nemendur skulu gæta þess að loka öllum hurðum skólans þegar þeir ganga um, og eins hliðunum umhverfis hann.

### 7. gr.

Nemendur eiga að ganga þrifalega um hús skólans, sjerstaklega skulu þeir varast að hrækja annarstaðar en í hrákailát, eða aðhafast nokkuð það, er spillt geti andrúmslopti.

## 8. gr.

142

28. des.

Nemendur eiga að fara vel með föt sín og bækur. Þeir mega ekki farga neinu af munum sínum, nema fjárhaldsmenn þeirra eða foreldrar leyfi. Forðast skulu þeir og að taka eða skemma nokkuð, sem aðrir eiga, og eigi mega þeir heldur kaupa eða taka í skuld, nema með vilja og vitund fjárhaldsmanna sinna.

## 9. gr.

Ef nemandi hefir næman sjúkdóm, segir læknir skólans fyrir hvernig með skuli fara.

Ef einhver nemandi er sjúkur að morgni, svo að hann getur ekki komið í kennslustundir, skulu foreldrar hans eða húsráðandi senda skriflega tilkynningu til umsjónarmanns skólans fyrir hádegi sama dag. Nemandi, sem verður sjúkur í kennslustund eða milli kennslustunda, skal biðja skólameistara eða kennara um heimgönguleyfi. Ef þeim þykir ástæða til, leggja þeir fyrir nemanda að sýna sig lækni og fá vottorð hjá honum.

Nú vanrækir nemandi að sækja kennslustundir og ber fyrir sig sjúkleik, og getur þá skólameistari krafist þess að læknir skólans skoði nemanda. Sker þá læknir úr því, hvort sjúkleikann megi telja nægilega ástæðu fyrir nemanda til að koma ekki í skólann. Ef nemandi vanrækir kennslustundir, án þess að sjúkleik eða öðrum gildum forföllum sje um að kenna, þá varðar það áminningu skólameistara á kennarafundi. En ef brotið er ítrekað, verður nemanda vísað burt úr skóla.

## 10. gr.

Sjerhver nemandi skal hafa einkunnabók. Rita kennararnir í hana einkunnir hans þrisvar á ári: fyrir jólaaleyfið, í marzmánuði og júnímánuði og auk þess prófeinkunnir. Skal nemandi sýna einkunnabókina fjárhaldsmanni sínum í hvert skipti, sem ritað er í hana, en til sannindamerkis um það, að fjárhaldsmaður hafi sjeð bókina, skal hann í hvert skipti skrifa nafn sitt í hana. Athugasemdir um hegðun nemanda verða og ritaðar í einkunnabók hans.

## 11. gr.

Ef nemandi, hvort sem hann er í skóla eða utan skóla, veitir eða þiggur hjálp eða notar óleyfileg hjálparmeðöl við úrlausn skriflegs verkefnis í báðum burtfararprófum, þá er hann rækur frá prófinu og má ekki ganga undir sama próf fyr en að ári liðnu. Ef ástæða þykir til, getur yfirstjórn skólans jafnframt eptir tillögum skólameistara og kennaranna vísað hinum brotlega nemanda burt úr skóla, ef hann er skóla-nemandi. Ef nemandinn er kyrr í skólanum, missir hann þann námtstyrk, er hann kann að hafa.

Ef nemandi veitir eða þiggur óleyfilega hjálp eða notar óleyfileg hjálparmeðöl í skriflegu ársprófi, þá missir hann þann námsstyrk, sem hann kann að hafa, og er rækur frá prófi. Ef yfirsjónin er framin í miðsvetrarprófi, missir

## 142

28. des. nemandinn þann námstyrk, er hann kann að hafa. Ef nemandinn gjörir sig sekan í nefndri yfirsjón við inntökupróf, skal hann rækur frá prófi.

Ef nemandi gjörir tilraun til að veita eða þiggja óleyfilega hjálp eða til að nota óleyfileg hjálparmedöl í einhverju skriflegu prófi, þá liggja við því allar hinar sömu refsingar, sem til eru greindar hjer að framan fyrir að veita eða þiggja hjálp, allt eptir því, í hvaða prófi yfirsjónin er framin. Þó má beita vægari refsingum eptir atvikum. ef málsbætur eru og skólameistari og meiri hluti kennaranna mátti með því

## 12. gr.

Skólameistarar og umsjónarmenn úr flokki nemenda sjálfra, svo marga sem honum þykir þörf á. Skulu þeir styrkja skólameistara og kennarana af fremsta megni til þess að viðhalda góðri reglu og láta kennara eða skólameistara undir eins vita, þegar einhver nemandi gjörir sig sekan í einhverri óreglu.

## 13. gr.

Nemendur skulu í öllu sýna kennurum sínum hlýðni og auðsveipni og verður tekið hart á, ef út af því er brugðið.

## 14. gr.

Nemendur skulu forðast að neyta áfengra drykkja og er það bein burtrekstrarsök úr skóla, ef að því kveður til muna. Enginn nemandi má koma inn í veitingahús þar sem veittir eru áfengir drykkir. Einnig skulu nemendur varast að venja sig á tókaksnautn með því að hún er skaðleg fyrir heilsu unglinga, og í húsum skólans eða á lóð hans má alls enginn nemandi reykja nje tyggja tóbak.

## 15. gr.

Opinbera dansfundir mega nemendur ekki sækja nema með leyfi skólameistara, nje heldur koma opinberlega fram á leiksviði til að leika þar eða syngja, án sjerstaklegs leyfis.

## 16. gr.

Enginn nemandi má fara burt úr bænum án leyfis skólameistara.

## 17. gr.

Brot gegn reglum þessum varða eptir atvikum áminning kennara eða skólameistara, missi námsstyrks eða burtvísun úr skóla, sbr. 30. gr. bráðabirgðareglugjörðar fyrir hinn almenna menntaskóla í Reykjavík 9 septbr. 1904.

Í stjórnarráði Íslands, 28. desbr. 1906.

**H. Hafstein.**

*Jón Magnússon.*